

Skrán.

0000

Bjarni F. Einarsson

Laugarnes

Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi í
Reykjavík



Reykjavík 1993

Skýrslur Árþéjarsafns XIX

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Bjarni F. Einarsson

Laugarnes

Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi í
Reykjavík

Reykjavík 1993

Skýrslur Árbæjarsafns XIX

Árbæjarsafn
Reykjavík, mars 1993
©Bjarni F. Einarsson
Skýrslur Árbæjarsafns 19
Ritstjóri: Margrét Hallgrímsdóttir

Öll réttindi áskilin

Laugarnes

Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi í Reykjavík


Sögulegt yfirlit

Laugarnes sem hér er átt við, er sjálf táin þar sem bærinn Laugarnes stóð fyrrum og listasafn Sigurjóns Ólafssonar stendur nú. Afmarkast þetta svæði af tollvörugeymslum við Héðinsgötu í vestri, og Kleppsvegi, eða eins og nú heitir Sæbraut, í suðri. Að öðru leyti er umgjörðin hafið, eða Kollafjörðurinn. Strandlengjan með nánasta umhverfi á þessu svæði er sú eina í borgarlandinu og á Seltjarnarnesinu hinu forna, norðanmegin, sem enn er ósnortin og upprunaleg. Er Laugarnesið á náttúruminjaskrá og strandlengjan friðlýst. Gróðurfar, sérlega umhverfis mýrina hjá Norðurkoti, og á holtinu norðaustan við hana, er með því fjölbreyttasta sem til er innan borgarmarkanna.¹

Útsýni frá Laugarnesinu er fjölbreytt og mikilfenglegt. Þar sér til Akureyjar, Engeyjar og Viðeyjar, hólmannar Skarfakletts og Litla Skarfakletts og til nokkurra skerja. Í bakgrunni sér til Akrafjalls og Esjunnar ásamt fleiri fjöllum þegar vel viðrar. Fuglalíf á nesinu og á sundunum er allfjölbreytt og á það einkum við sjófugla af ýmsum tegundum og æðarfugl.

Hvergi í borginni norðanverðri og sæmilega miðsvæðis, eru lengur möguleikar á því að hanna útivistarsvæði í tengslum við upprunalega fjöru og óspillt land, nema í Laugarnesinu. (Eru fjöru-listigarðar yfir höfuð til á Íslandi)?

¹ Margrét Hallgrímsdóttir, 1991:39.



Mynd 1. Laugarnestáin og fornleifar. Teikn. B.F.E.

Elstu öruggu heimildir ritaðar um mannavist í Laugarnesi eru í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar í Skálholti, sem talin er frá því um 1200.² Árið 1235 er kirkju í Laugarnesi getið í Máldaga um veiði í Elliðaám og er það því fyrsta nákvæma ártalið, sem hægt er að tengja sögu Laugarness.³ Reyndar er Laugnesinga getið árið áður og af sömu ástæðu, eða 1234 í Máldaga um eignir Maríu kirkju og staðar í Viðey, þar sem sagt er að Viðeyjarkirkja eigi laxveiði í Elliðaám "*at helmingi við Lavgnesinga.*"⁴

² Dipl. Isl. XII:9. Finnur Jónsson 1936-40:61. Árni Óla 1948:126. Þór Magnússon 1985.

³ Dipl. Isl. 1:512.

⁴ Dipl. Isl. 1:507.

Kirkjan í Laugarnesi var lögð niður árið 1794, þegar sóknin var sameinuð dómkirkjusókninni í Reykjavík. Því hefur kirkja staðið í rúm 600 ár í Laugarnesi og sannanlega margendurbyggð og lagfærð sem og sjálfur kirkjugarðurinn.

Verulega miklu lengur hefur búskapur verið stundaður í Laugarnesi, þó að hans sé ekki beinlínis getið í rituðum heimildum á sama hátt og kirkjunnar. Næsta víst er að bóndabær hafi staðið í Laugarnesi, þegar kirkjan var fyrst reist, þó að við vitum ekki nákvæmlega hvenær það má hafa gerst. Ekki er loka fyrir það skotið að búskapur í Laugarnesi sé jafn gamall byggð í landinu, eða allt að því, þó bæjarins sé ekki getið í Landnámu. Í Njálu kemur bærinn við sögu og sýnir það að um miðja 12. öldina hefur verið talið að búskapur hafi verið stundaður að Laugarnesi fyrir kristnitökuna. Síðustu bæjarhúsin voru rifin árið 1987, en eiginlegur búskapur hafði lagst af allnokkru fyrr.

Fyrsti ábúandi Laugarness á að hafa verið Ragi nokkur Óleifsson hjalta, sem bjó í Laugardal samkvæmt Landnámu og Egilssögu.⁵ Bróðir Raga, Þórarinn, annar lögsögumaður á Íslandi 950-969, á einnig að hafa búið að Laugarnesi samkvæmt Njálu og flust þaðan, þegar bróðir hans Glúmur var drepinn, en hann var maður Hallgerðar langbrókar.⁶

Þó ekki sé hægt að líta á frásögn Njálu, né Egilssögu, um Laugarnes sem sagnfræðilega heimild, er hún ekki síður merkileg. Hún er aðeins öðruvísi hluti af menningararfi þjóðarinnar. Hún sýnir m. a. að Laugarnesið þótti það mikið býli að hæfa þótti Hallgerði langbrók, konu Gunnars á Hlíðarenda, eins mesta kappa Íslendingasagnanna. A hún að hafa búið að Laugarnesi fyrir kynni sín af Gunnari og að honum látnum. Herma munnmæli að hún hafi verið heygð ekki langt frá bænum, þar sem nú eru gatnamót Sæbrautar og Laugarnesvegs, en þar var hóll nokkur áður, "*sígrænn vetur og sumar*"⁷. Kristian Kalund, sem afar sennilega skoðaði bólin vorið 1873, taldi hann ekki vera kuml eða leiði, heldur væri skýringin síðari tíma ágiskun.⁸ Önnur munnmæli herma að Hallgerður hvíli í kirkjugarðinum í Laugarnesi.

Þegar unnið var að gatnagerð á" þessu svæði var hóllin fjarlægður og kom þá í ljós að hann var afleiðing rauðablásturs, sem farið hefur fram einhvers staðar nærri (gjallvarp). Er það í sjálfu sér merkilegt, en því miður var þetta ekki kannað nánar. Athyglisvert er að bera þetta saman við örnefni í nágrenninu, svo sem Rauðarármýri, Rauðarárholt, Rauðarárgrafir og jafnvel Goshól.? Gætu þessi örnefni vísað til mýrarrauðavinnslu á svæðinu, en járn var einmitt unnið úr mýrarrauða hér á


⁵ Árni Óla, 1948: 126.

⁶ Finnur Jónsson, 1936-40:59-60.

⁷ Guðlaugur R. Guðmundsson, 1978:303.

⁸ Killund. P.E. K. 1984:12-13. Verkið kom fyrst út í Kaupmannahöfn árið 1877.

⁹ Guðlaugur R. Guðmundsson, 1978:312.




Mynd 2. Málverk af Laugarnesstofu eftir Auguste Mayer 1836.

landi fyrrum.

Auk þeirra sem hér hafa verið upp taldir sem ábúendur í Laugarnesi, eru fyrstu öruggu heimildir um ábúendur frá 1486, en þá gefur Margrét Vigfúsdóttir dóttursyni sínum Þorvarði Erlendssyni, bróður Vigfúsar lögmans, Laugarnes og Engey. Árið 1520 eignast Ögmundur biskup Pálsson jörðina og Engey, sem var hluti af Laugarnesi í allt að 8 aldir, eða allt fram á miðja 18. öldina. Eftir Ögmund eignaðist Páll lögmaður Vigfússon jörðina, sonur Vigfúsar Erlendssonar. Eftir hans dag eignaðist Anna nokkur, systir Páls, jörðina, en það er sjálf Anna frá Stóruborg. Töluverðar deilur stóðu um eign jarðarinnar frá um 1540, og lauk þeim ekki fyrr en upp úr 1600.

Árið 1787 er Hannes biskup Finnson talinn eigandi Laugarnes, en þá er Engey komin í annarra manna hendur, og að honum látnum giftist ekkja hans séra Steingrími Jónssyni, er síðar varð biskup, og við það eignaðist hann Laugarnes.

Árið 1824 fékk Steingrímur því framgengt að veitt var álitleg fjárhæð til að byggja embættisbústað handa honum. Voru til þess fengnir danskir iðnaðarmenn, sem fengu öl eftir þörfum og pela af brennivíni á dag til að klára verkið. Flutti biskup inn í húsið árið 1826. Var húsið kallað



Mynd 3. Laugarnesstofa 1836. Myndina málaði Jón biskup Helgason (1886-1942) og hefur sýnilega haft mynd Mayers að fyrirmynd.

Biskupsstofa, Laugarnesstofa eða bara Stofan, og var hið veglegasta í útliti og eitt fárra steinhúsa sem til var hér á landi þá. Reyndist húsið frá öndverðu afar lélegt, hriplekt og hin mesta "*hrákasmið*" ¹⁰.


Þess má geta að árin 1830-33 bjó Jón Sigurðsson forseti í Laugarnesi, en hann var skrifari Steingríms biskups þessi ár.

Árið 1838 keypti konungur Laugarnes af biskupi og var tilgangurinn m. a. að hafa þar biskupssetur til frambúðar, eða "*ævarandi*". En næsti biskup á staðnum, Helgi Thordersen, kvartaði undan staðnum og benti á, máli sínu til staðfestingar, að farartálmar á leið hans til Reykjavíkur væru slíkir, að ekki væri forsvaranlegt að búa á staðnum. Fluttist hann á brott árið 1856 og lauk þá biskupaævintýri Laugarness. Stofan stóð þó eftir, en var auðveld bráð eyðingaaflanna og var stuttu síðar "*herfileg að sjá, flestir gluggar brotnir, og ótérlegt inn að líta.*" (Finnur Jónsson, 1936- 40:69).

Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti Laugarnesið árið 1885 og var það lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1894.

Síðasta hlutverk Stofunnar var hlutverk sjúkrahúss, en 1871 voru

¹⁰Árni Óla. 1948:131. Sigurður Líndal. 1987:123.




Mynd 4. Fyrir miðri mynd er Laugarnesspítali. Í forgrunni má sjá saltfiskbreiður á Kirkjusandi. Ljós. Magnús Olafsson.

geymdir þar nokkrir bóluveikir franskir sjómenn og báru nokkrir þeirra beinin í Laugarnesi. Stofan var rifin þegar danskir Oddfellowar gáfu Íslendingum holdsveikraspítala - " ... *ljót bygging og hrúguleg, ...* " (Páll Líndal, 1987: 127. Er þetta haft eftir Benedikt Gröndal) - en hann var fullbyggður árið 1898. Starfaði spítalinn í hartnær hálfa öld, en endaði sitt æviskeið í þjónustu enska setuliðsins, sem brenndi hann loks ofan af sér árið 1943.¹¹

Eins og áður hefur komið fram var kirkja í Laugarnesi, sem örugglega er hægt að rekja aftur til ársins 1235. Kirkju í Engey er fyrst getið 1379 og var hún svokölluð hálfkirkja og nátengd Laugarneskirkju. Næst er kirkju í Laugarnesi getið í Vikhinsbók, safni gamalla máldaga frá 1397. Virðist sem um nýja kirkju sé að ræða, eftir að eldri kirkja var úr sér gengin.¹² Var kirkjan helguð Maríu mey, Péttri postula, heilögum Nikulási, Urbanusi helga og hinni sælu Margréti. Atti kirkjan meðal annarra hlunninda og eigna, fimmta hvern lax úr Elliðaám er Viðeyingar fengu, heimaland hálft, 10 kúgildi og 5 hross. Hún átti 13 bækur er í voru messusöngvar allra mánaða ársins, tvenn messuklæði, einn kaleik, 2 klukkur stórar, glóðarker, Maríu- og Nikulásarlíkneski og tvær kertisstikur, svo eitthvað sé nefnt. Í næsta máldaga frá um 1500 eru litlar breytingar á stöðu kirkjunnar, en í þeim fjórða, frá því um 1570, gætir ákveðinnar hnignunar. "*Ein messuklæði gömul voru þá til, "æruleaus" tinkaleikur, og hefur sá álitis næsta lélegur, tvær klukkur stórar, glóðarker, skrudakista lasin og tvær ljósastikur á altari.*" (Þór Magnússon, 1989:4).

¹¹ Páll Líndal, 1987:127. Árni Óla segir brunann hafa átt sér stað 1942. Árni Óla, 1948:146.

¹² Finnur Jónsson, 1936-40:61.



Mynd 6. Hér sést bakhlið Laugarnesspítala. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.

Kirkjan í Engey var lögð niður 17. maí 1765, og 4. apríl 1794 var Laugarneskirkja lögð niður og sameinuð Reykjavíkursókn eins og áður er getið. Var ástæðan sú að þá var ný dómkirkja risin í Reykjavík, en Laugarneskirkjan að hruni komin "*sakir fúa og elli*".¹³ Þó var ekki sögu kirkjugarðsins í Laugarnesi alveg lokið enn, því 1871, eða þar um bil, voru nokkrir franskir bólusóttarsjúklingar, sem getið var að ofan (fjórir eða sex), jarðsettir í gamla kirkjugarðinum. Liggja þeir nyrst og efst í garðinum.

Í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 eru þrjár hjáleigur nefndar frá Laugarnesi. eru þær Barnhóll, Norðurkot (áður kallað Sjávarhólar og stundum Naustakot) og Suðurkot. Í manntali frá sama ári eru hins vegar fjórar hjáleigur taldar til, og eru þær; Barnhóll, Naustakot (Norðurkot), Á Fitinni (Suðurkot) og Á Hlaðinu. Sú síðast talda mun hafa verið heima við bæinn. (Guðlaugur R. Guðmundsson, 1977:303). Rústir allra, utan Á Hlaðinu, eru enn sjáanlegar, en þeim verður lýst betur síðar, að undanskildum Barnhól. Sama gildir um varirnar Norðurkotsvör (Norðurvör) og Suðurkotsvör (Suðurvör). Þegar konungur eignaðist Laugarnes 1838 höfðu hjáleigurnar verið lagðar niður.

Eins og sjá má hefur Laugarnesið alllanga sögu samkvæmt rituðum heimildum, og hana ekki ómerkilega.

Fornleifaskrá:

Í upphafi 19. aldar sendi "Commissionen for oldsagers opbevaring" spurningarlista til biskups og amtmanna, þar sem spurt var um fornleifar á Íslandi. Dreifðu þessir aðilar spurningalistunum til viðeigandi aðila út um allt land. Frá Reykjavík bárust svör frá Magnúsi Stephensen í Viðey

¹³ Ámi Óla, 1948:127.

árið 1818 og Árna Helgasyni í Breiðholti árið 1821 (3 bréf).¹⁴ Er skemmst frá því að segja að hvorugur þekkir nokkrar þær fornleifar í jörðu á Reykjavíkursvæðinu, sem orð eru á gerandi.

Samkvæmt fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands sumarið 1983, sem framkvæmd var af undirrituðum, voru eftirtaldar fornleifar í Laugarnesi:

Nr. 84.

Tegund minja: Kirkjugarður

Kortablað: 1613 III/42

Heiti: Laugarneskirkjugarður

Lega: 20 m N af veg

Staðhættir: S - undir lágum hól. Tún

Lýsing: Kirkjugarður 20 x 16 m (VNV - ASA),. Garður úr torfi ca 2,5 m Br og 0,3 - 0,7 m H. N - hluti garðs nokkuð óljósari. Í miðjum garðinum er upphækkun. Garðurinn er friðaður

Athugasemdir: Flokkur A2-4. Ástand gott.

Fjöldi: 1

Landareign: Laugarnes

Flokkun Árb: A2-3

Ljósmyndir: 2. 9808:E 27-28.

Dags: 1983-07-19

Nr. 85.

Tegund minja: Bæjarhóll/bæjarstæði

Kortablað: 1613111/42

Heiti: Norðurkot (Sjávarhólar, Naustakot)

Lega: 30 m S af sjó

Staðhættir: A litlum hól niður undir sjó

Lýsing: Bæjarhóll. Ekki er hægt að tilgreina neinar bæjarrústir. Allt í kring eru matjurtagarðar, nú grónir. Gæti eitthvað verið frá bröggum. Líklegast þykir mér að bæiinn hafi staðið NV utan í hólnum.

Athugasemdir: Flokkur B3-4

Fjöldi: 1

Landareign: Laugarnes

Flokkun Árb: A3-4

Ljósmyndir: 2. 9808:E 29-30. 2 x SSA

Dags: 1983-07-20

Nr. 86.

Tegund minja: Bæjarhóll/bæjarstæði

Kortablað: 1613 III/42

Heiti: Suðurkot

Lega: 15 m frá sjó

Staðhættir: A litlum hól niður undir sjó

Lýsing: Bæjarhóll. Ca 10 m í þverrnál. Mótar fyrir veggjum, en ekkert hægt að lesa úr lögun m. a. vegna gróðurs. ,

Athugasemdir: Flokkur B4. Astand lélegt

Fjöldi: 1

Landareign: Laugarnes

Flokkun Árb: B3-4

Ljósmyndir: 2. 9808:E 31,F32. 2 x N

Dags: 1983-07-20

¹⁴ Sveinbjörn Rafnsson, 1983:252-264.

Nr. 87.

Tegund minja: Vör
Kortablað: 1613111/42
Heiti: Norðurkotsvör

Fjöldi: 1
Landareign: Laugarnes

Lega:

Staðhættir:

Lýsing: Vör. Nú sjást engin mannvirki. Í fjörunni er möl, með stóru grjóti á víð og dreif.

Athugasemdir: Flokkur B3-4

Flokkun Árb: A2-4

Ljósmyndir: 2. 9809:A 14-15. 2 x NA

Dags: 1983-07-21

Nr. 88.

Tegund minja: Vör
Kortablað: 1613 III/42
Heiti: Suðurkotsvör

Fjöldi: 1
Landareign: Laugarnes

Lega:

Staðhættir:

Lýsing: Vör. Nú sjást engin mannvirki. Vörin er sendin með einstaka smásteinum á víð og dreif.

Athugasemdir: Flokkur B3-4

Flokkun Árb: B3-4

Ljósmyndir: 2. 9809:A 16-17. 2 x S.

Dags: 1983-07-21

Nr. 89.

Tegund minja: Rauðablástursofn
Kortablað: 1613 111/42
Heiti: Hallgerðarleiði

Fjöldi: 1
Landareign: Laugarnes

Lega: Þar sem Kleppsvegur og Laugarnesvegur mætast

Staðhættir:

Lýsing: Rauðablástursofn. Nú er allt horfið undir veg

Athugasemdir: Flokkur B3-4

Flokkun Árb: -

Ljósmyndir:

Dags: 1983-07-21

Auk þeirra rústa, sem getið er í fornleifaskrá má nefna rúst beint vestur af grunni Laugarnesstofu (kölluð Spítalahóll hér á eftir) og rústar norðvestur af Norðurkoti á klettinum, sem þar skagar út (einn Laugarnestanganna). Er fyrrnefnda rústin kannski fiskihjallur, þó það sé vafasamt, en sú seinni eru leifar skotbyrgis frá setuliðinu. Á nesinu eru jafnframt talsverðar leifar frá setuliðinu, þó þær sjáist ekki vel. Er þar fyrst og fremst um að ræða steypa grunna húsakynna þeirra setuliðsmanna. Fyrrnefnda rústin flokkast undir B:3-4, en þær síðastnefndu undir C:4.

Skýringar á einstökum fornleifaflokkum samkvæmt túlkun
 Þjóðminjasafns:

- A. Rúst sem ber að varðveita.
- B. Rúst sem má fjarlægja að undangenginni rannsókn.
- C. Minniháttar minjar.

1. Fram til ársins 1000. Heiðinn tími
2. Frá 1000 til 1550. Kaþólskur tími.
3. 1550 - 1800.
4. Eftir 1800.

Athugasemdir:

Eins og fram kemur í fornleifaskrá er minjagildi einstakra rústa ekki hið sama hjá Þjóðminjasafni og Árbæjarsafni. Stafar það af því að Þjóðminjasafn metur rústirnar í stærra samhengi, eða sem hluta af Íslandi öllu, en Árbæjarsafn metur þær út frá reykvískri mælistiku.

Þó ber að benda á að t. d. kirkjugarðurinn nr. 84 (kirkjan), var aflagður 1794 og því flokkaður samkvæmt því, þó að franskir sjómenn hvíli þar, er jarðsettir voru 1871.

Fornleif nr 85, Norðurkot, fær aukið gildi hjá Árbæjarsafni vegna þess hve fáir veglegir bæjarhólar eru eftir í borgarlandinu.

Fornleif nr. 86, Suðurkot, er getið árið 1703 í Jarðarbók, og flokkast því undir 3.

Fornleif nr. 87, Norðurstöð, er á friðaðri strandlengju og sennilega upphaflega útræði frá Laugarnesi og hafnar því í A flokki.

Frá því að fornleifaskráningin fór fram 1983 hefur síðasta bæjarhús Laugarness horfið af sjónarsviðinu og því komin enn ein fornleifin í safnið og er það sjálft bæjarstæðið. Flokkast það undir A2-4. Væri eðlilegast að gefa því sama númer og kirkjugarðinum, eða nr. 84. Má þá flokka bæjarhólinn í; a) bæjarstæði, b) kirkjugarð og jafnvel c) kirkju, d) heimtröð og e) beðasléttur.

Svæðið verður allt endurskráð vorið - sumarið 1993.

Í nýju Þjóðminjalögnum frá 1989, eru minjar eldri en 100 ára, taldar til fornleifa og um fornleifar kveða Þjóðminjalögin á um, að; *"Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja mena leyfi fornleifanefndar komi til."* (Þjóðminjalög, 18. gr.).

Jarðsjármælingar:

Jarðsjármælingarnar fóru fram 4., 9. og 10. mars, 1993. Mælingarnar framkvæmdu Þorgeir Helgason jarðfræðingur, Sigurjón Páll Ísaksson mælingamaður og Matthildur Gunnarsdóttir, frá Línuhönnun HF. Athugaðar voru rústir Suðurstöðs, rústir við Suðurkot (kölluð Spítalarúst í jarðsjárskýrslu), rústir Norðurstöðs og bæjahóll Laugarness. Er eftirfarandi túlkun byggð á þeim mælingum og vettvangsathugunum, en

að öðru leyti vísað til skýrslu Línuhönnunar varðandi einstaka þætti sjálfrar jarðsjármælinganna.

Markmið jarðsjármælinganna var að reyna að afmarka rústir og aðrar minjar á Laugarnesinu vegna skipulagningar og hugsanlegra fornleifarannsókna á nésinu.

Suðurkot:

Eitt snið/lína var athugað yfir rústinni. Virðist hún samkvæmt sniðinu vera 10,5 m. löng (skv fornleifaskrá 10 m. í þvermál), lína *Suðurkot:*

LSAV, 0-20 m (VA). Ekki virðast mannvistarlög vera þykk, sem bendir bæði til stuttrar og ekki ýkja gróskumikillar búsetu. Ekki virðist lengra en ca 1 m. niður á óhreyft eða niður á klöpp. Hugsanlegra áhrifa sjávar gætir á niðurstöðu jarðsjármælinganna.

Rúst (Spítalahóll!):

Tvö snið/línur voru tekin yfir rústinni. Samkvæmt mælingu virðist hún vera 7 m. löng (N-S) og 5 m. breið (A-V), línur *Spítalahóll: LHA V, 0-20 m (A-V)* og *Spítalahóll: LHNS, 0-20 m (S-N)*. Ekki virðast mannvistarlög þykk. Sömu áhrifa sjávar virðast gæta hér sem við Suðurkot.

Norðurkot:

Tvö snið/línur voru tekin yfir rústinni, eða öllu heldur yfir bæjarhólnum. Virðist hóllin vera 20 m. langur og 14,5 m. breiður, línur *Norðurkot: LNAV, 0-25 m (A-V)* og *Norðurkot LNNS, 0-30 m (N-S)*. Verulegra mannvistarlaga virðist gæta, allt niður á 2,5-3 m. dýpi á háhólnum. Einhverra truflana kann að gæta á sniðin, því útlínur rústanna koma ekki vel fram.

Laugarnes:


Sjö snið/línur voru tekin yfir bæjarhólinn, eða *Laugarnes: línur LCJ-3 og LK1-4* Allur bæjarhóllinn, bæjarstæði og kirkjugarður er um það bil 50 x 60 m.

Bæjarstæði:

Samkvæmt línu LK2 og LK3 er bæjarstæðið allt að 28-37 m. breitt í austur - vestur og um það bil 4 m. niður á óhreyft. Vestarlega í sniðinu gætir einhverrar truflunar (járnarusl, steypa?). Lengd bæjarstæðisins í norður - suður er allavega 25 m. (kirkjugarður ekki reiknaður með), en ekki var mælt fyllilega út fyrir bæjarhólinn í norður.

Kirkjugarður:

Samkvæmt línu LK1 og LC2 er stærð kirkjugarðsins 25 (A-V) x 21 (N-S) m. Eru allavega 3,5 m. niður á óhreift.



Mynd7. Lína LK1, 0-50 m (A-V). Hér er aðeins sýndur hluti af línunni, hluti sem nær yfir kirkjugarðinn, kirkjuna og veg. Horft er í suður.

Kirkja:

Í kirkjugarðinum miðjum, eða þar um bil, eru rústir kirkju. Samkvæmt línunum LK1 og LC2 er stærð kirkjurústarinnar 11 x 8 m. og snýr lengri hliðin í austur - vestur, eins og vænta mátti.

Spilda á milli Sæbrautar og kirkjugarðs:

Ekki var loku fyrir það skotið að einhverjar rústir væru fyrir sunnan kirkjugarðinn, og þá við suð-austurhorn garðsins samanber línu LK4.

Niðurstaða og tillaga að varðveislu:

Laugarnestáin á sér gamla og merkilega sögu. Búsetu má allavega rekja til aldamótanna 1200 og sennilega miklu aftar. Saga Laugarnessins snertir t. d. almenna sögu landsins, sjúkrahúsasögu, kirkjusögu, sögu Reykjavíkur og sögu hernáms á Íslandi. Á tanni var ekki aðeins lögbýlið Laugarnes, þar var einnig hjáleigan og kotið Suðurkot um tíma og þar var kotið Norðurkot, sennilega bæði stærra í sniðum og með lengri búsetu. Auk býlanna var kirkja og kirkjugarður í Laugarnesi um aldir og á síðustu öld risu þar biskupssetur og spítali. Veglegar minjar þessara húsakynna flestra standa enn óhreyfð og að mestu ósködduð, eða eins og frá þeim var gengið, þegar manneskjan hvarf á braut.

Á nesinu er fjölbreytt náttúra, bæði dýra og gróðurs, og þar er ein af fáum ósnertu fjörum Reykjavíkur. Bæði fjaran og bæjarhóll Laugarness eru friðuð.

Ef til breikkunar Sæbrautar kæmi um 4 m. hefði það í för með sér mikið jarðrask og þá á stærra svæði en þeim 4 m., sem færu í sjálfan veginn. Aukreitis næðu áhrif jarðrasksins lengra en hið beina rask vegna breyttra aðstæðna í jarðlögum (vatn, loft, efni, hreyfing), og slíkar breytingar geta haft mjög skaðleg áhrif á varðveislu hugsanlegra minja á staðnum. Er mikilvægt að benda á í þessu sambandi að bæjarhóll Laugarness er einstakur í borgarlandinu og því æskilegt að forðast allt það, er kynni að hafa neikvæð áhrif á hann og það sem hann geymir. Sennilega er þar eini staðurinn, auk Kvosarinnar og Skildinganess, þar sem búseta hefur verið samfelld frá fyrstu tíð og allt fram á þennan dag.

Fornleifum er ekki aðeins spillt með beinu jarðraski. Þeim getur einnig verið spillt á þann veg að umhverfi þeirra er breytt þannig að það missi öll tengsl við minjarnar. Minna má á í þessu sambandi að þegar fornleif er friðuð, eins og Laugarnes er, nær friðunin yfir 20 m. svæði þar sem fornleifinni sleppir, samanber Þjóðminjalög Nr. 88, 29. maí 1989, 17. grein. Þar stendur m. a.: *"Þeim minjum sem friðlýstar eru skal fylgja 20 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkun fornleifa og umhverfis"*

nema kveðið sé á um annað." Er þetta til komið m. a. vegna þeirra þátta, sem nefndir hafa verið hér.

Fagurfræðilegir þættir eru því mikilvægir, þegar taka á ákvarðanir um spillingu fornleifa. Dæmi um hrapaleg mistök af þessu tagi er Kapellan í Kapelluhrauni, gegnt álbræðslunni í Straumsvík.

Tillaga Árbæjarsafns er að fornleifum á Laugarnestánni verð ekki spillt á nokkurn hátt og alls ekki án undangenginnar rannsóknar. Árbæjarsafn leggst einnig gegn því að Sæbrautin verð breikkuð um 4 m. vegna þeirra afleiðinga, sem getið var hér að framan.

Heppilegast væri að Laugarnestáin yrði gerð að útivistarsvæði fyrir almenning, þar sem saga, náttúra og útsýni fengju að njóta sín að fullu.

" ... væri óskandi, að við getum talið okkur hafa efni á að eiga þennan blett óskertan frá því sem nú er og að við getum afhent hann, kannske örlítið snyrtilegri, í hendur aftaka okkar." (Þór Magnússon, 1985)

Heimildir:

Árni Óla. 1948 Úr sögu Laugarness. Fortíð Reykjavíkur. Reykjavík.

Árni Óla. 1963 Horft á Reykjavík. Sögukaflar. Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson. 1993 Varðandi ratsjarmælingar að Laugarnesi.

Frumtúlkun á syðsta hluta þversniðs LB N-S2 og nokkur atriði varðandi röskun á bæjarhól Laugarness. Óbirt.

Gamla Reykjavík. 1991 The old town. Reykjavíkurmýndir Jóns Helgasonar.

Guðjón Friðriksson tók saman. Árbæjarsafn. Íslandsmyndir. Reykjavík.

Gestur Þorgrímsson. 1993 Bréf dags 28.02.1993. Hafnarfirði. Óbirt. Guðlaugur

R. Guðmundsson. 1978 Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár.

Reykjavík, miðstöð þjóðlífs. Safn til sögu Reykjavíkur. Miscellanea

Reyciavicensia. Sögufélagið. 2. útg. Reykjavík.

Fornleifaskrá Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðminjaskráning, Reykjavík.

Skráð hafa Sólveig Georgsdóttir (1981), Bjarni F. Einarsson (1982-83) og Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson (1984). Óbirt.

Finnur Jónsson. 1936-40 Laugarnes og Engey. Ýmsar ritgerðir. II. Bindi.

Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. Félagið Ingólfur gaf út.

Reykjavík.

Íslandsmyndir Mayers 1836. Gerðar af Auguste Mayer o. fl. í leiðangri Paul Gaimards um Ísland fyrir 150 árum. Höf. texta: Árni Björnsson og Ásgeir S. Björnsson. Reykjavík.

Jarðsjármælingar í Laugarnesi. Árbæjarsafn - Borgarskipulag. Texti Þorgeir Helgason og Sigurjón Páll Ísaksson, Línuhönnun HF. Mars 1993. Óbirt.

Kalund, P.E. Kristian. Íslenskir Sögustaðir. I. Sunnlendingafjórðungur. Íslenzk þýðing Haraldur Matthíasson. Reykjavík.

Klemens Jónsson. 1929 Saga Reykjavíkur. Fyrri bindi. Reykjavík.

Margrét Hallgrímsdóttir. 1991. Fornminjar og menningarlandsvæði. *Arkitektúr og skipulag*. 3. tbl. 12. árgangur.

Nanna Hermanson. Um Laugarnes 04.05.1983. Árbæjarsafn. Óbirt.

Páll Líndal. 1987 Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum. Ritstjórn: Einar S. Arnalds. 2. bindi.

Sveinbjörn Rafnsson. 1983 *Frásögur um fornaldarleifar 1817 - 1823*. Stofnun Áma Magnússonar á Íslandi. Rit 24. Reykjavík.

Þjóðminjalög. Stj. tíð. A, nr. 88/1989.

Þór Magnússon. 1985 Laugarnesið. *Morgunblaðið* 28. júní. Þór

Magnússon. 1989 Laugarneskirkja hin forna. *Afmælisrit Laugarneskirkju 1949 - 1989*.

Árbæjarsafni í mars 1993,
Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.

Skýrslur Árbæjarsafns

1. Margrét Hallgrímsdóttir: Viðey. Fornleifarannsóknir 1988-1989. Rvk. 1989.
2. Hrefna Róbertsdóttir: Gamli Austurbærinn. Timburhúsabyggð í norðanverðu Skólavörðuholti frá byrjun 20. aldar. Rvk. 1989.
3. Margrétflallgrímsdóttir: Fornleifa - rannsókn í Viðey 1987. Rvk. 1988.
4. Margrét Hallgrímsdóttir, Þorvaldur S. Þorvaldsson. Þórður Þ. Þorbjarnarson: Greinargerð um tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins um friðun 24 húsa í Reykjavík. Rvk. 1990.
5. Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir: Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni. Rvk. 1990.
6. Hrefna Róbertsdóttir og Margrét Hallgrímsdóttir: Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík. Könnun á ástandi þeirra. Rvk. 1991.
7. Hann Rósa Sveinsdóttir: Byggingasaga. Stgr. 1.172.0. Hverfisgata, Vatnsstígur, Laugavegur og Klapparstígur og stgr. 1.1740 Hverfisgata, Barónsstígur, Laugavegur og Vitastígur. Rvk. 1991.
8. Helgi M. Sigurðsson: Sögulegar minjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri. Úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar. Rvk. 1991.
9. Nikulás Úlfar Mátsson: Húsakönnun í Blesugróf. Rvk. 1992.
10. Ársskýrsla Árbæjarsafns 1991. Rvk.1992.
11. Hrefna Róbertsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Nikulás Úlfar Mátsson: Aðalstræti byggðarsaga Reykjavíkur frá öndverðu. Fornleifar, landnám- og miðaldabyggð. Hús Innréttinganna. Geysishúsið. Rvk, 1992.
12. Helgi M. Sigurðsson: Norðlingaholt. Rvk. 1992.
13. Nikulás Úlfar Mátsson: Borgarhluti 3. Byggingar og Minjar. Rvk. 1992.
14. Helgi M. Sigurðsson: Elliðaárdalur. Rvk. 1992.
15. Margrét Hallgrímsdóttir: Viðey. Fornleifarannsóknir 1991. Áfangaskýrsla. Rvk. 1992
16. Ársskýrsla Árbæjarsafns 1992. Rvk. 1993.
17. Nikulás Úlfar Mátsson, Margrét Jónasdóttir: Byggingasaga. Stgr. 1.190.3. Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata og Barónsstígur. Rvk. 1993.
18. Nikulás Úlfar Mátsson, Margrét Jónasdóttir: Byggingasaga. Stgr. 1.161.1. og 2. Suðurgata, Kirkjugarðsstígur, Garðastræti og Túngata. Rvk. 1993.